



VÍKINGUR FRÉTTABRÉF

3. TBL. 9. ÁRG. JÚNÍ 2021

KNATTSPYRNA

Víkingur byrjar vel



Gengi Víkings í fyrstu sjö leikjum Pepsi Max deildar karla hefur verið fram úr væntingum flestra sparkspekinga. Víkingar sem eru taplausir, hafa unnið fjóra leiki og gert þrjú jafntefli og eru í öðru sæti deildarinnar með 15 stig – tveimur stigum minna en Valur. KA

Nikolaj Hansen og félagar í Víking fagna jöfnunarmarkinu gegn Val sem kom í uppbótartíma leiksins.

Myndataka: Hafliði Breiðfjörð - Fótbolti.net

getur komist upp fyrir Víkinga með sigri á Breiðablik í leik sem var frestað vegna

Framhald á næstu síðu

landsleikjahlés.

Leikmenn Víkings hafa sýnt mikinn karakter á fyrsta þriðjungi Íslandsmótsins og sigrað í leikjum gegn Keflavík, Stjörnunni, Breiðablik og KA. Víkingar voru óheppnir að missa forystu gegn ÍA og Fylki og gera jafntefli.

Það má segja að allir leikmenn Víkings hafa átt frábæra leiki og mikil liðsheild er að skapa þennan góða árangur – Nikolaj Hansen hefur verið drjúgur í fyrstu leikjunum og skorað 5 mörk í 7 leikjum og Júlíus Magnússon skorað 2 mörk. Þórður Ingason markvörður hefur verið frábær þegar reynt hefur á hann, en vörnin hefur það skipulögð með Kára Árnason leiðtogahlutverkinu að minna hefur reynt á Þórð.

Framundan eru heimaleikir gegn FH (12. júní) og KR (21. júní) sem eru nokkrum stigum á eftir Víkingi. Með hagstæðum úrslitum í þeim leikjum festir Víkingur sig í sessi efri hluta deildarinnar.



Júlíus hefur skorað tvö mörk Pepsi Max deildinni í sumar.

Myndataka: Hafliði Breiðfjörð - Fótbolti.net

Úrslit Víkings í Pepsi Max deildinni 2021:

Umferð	Úrslit
1 Víkingur - Keflavík	1 - 0
2 ÍA - Víkingur	1 - 1
3 Stjarnan - Víkingur	2 - 3
4 Víkingur - Breiðablik	3 - 0
5 KA - Víkingur	0 - 1
6 Víkingur - Fylkir	2 - 2
7 Valur - Víkingur	1 - 1

Staðan í Pepsi Max deildinni 2021:

LIÐ	L	U	J	T	Markatala	Stig
1 Valur	7	5	2	0	13 : 7	17
2 Víkingur	7	4	3	0	12 : 6	15
3 KA	6	4	1	1	11 : 3	13
4 KR	7	3	2	2	12 : 9	11
5 FH	6	3	1	2	12 : 7	10
6 Breiðablik	6	3	1	2	14 : 10	10
7 Leiknir R.	7	2	2	3	9 : 10	8
8 Fylkir	7	1	4	2	10 : 13	7
9 HK	7	1	3	3	9 : 13	6
10 ÍA	7	1	2	4	8 : 15	5
11 Stjarnan	7	0	3	4	3 : 11	3
12 Keflavík	6	1	0	5	6 : 15	3

Væntingar og bjarsýni sjaldan verið meiri

Rétt eins og væntingavísitala Gallup sem hefur ekki verið hærrí í einhver ár hafa væntingar og bjarsýni hlaupahóps Víkings sjaldan verið meiri.

Hlaupahópur Víkings hefur sannarlega haft í nógu að snúast síðustu mánuði og margir meðlimir skráðir í hlaup allt frá 10 km í 100 km í sumar. Góður hópur skráði sig til leiks í Hvítasunnuhlaupið og stóð sig með þryði og voru hlaupaæfingarnar undir handleiðslu okkar frábæru þjálfara góður undirbúningur fyrir keppendur.

Hlaupahópurinn stóð fyrir blautri vorhlaupahátíð laugardaginn 5. júní þar sem lagt var upp með að hlaupa eina 30 km fyrir þá sem ætluðu lengst en endaði í 18 km sökum veðurs. En stemningin var góð eins og alltaf þegar hópurinn hleypur saman.

Við kynntum til leiks nýjan utanvegþjálfara, Jón Örlygsson sem hefur komið inn með nýjar og skemmtilegar leiðir sem allir hafa haft



Stemningin var góð þótt blautt væri í vorferð hlaupahópsins.

gaman af. Stundum þarf nefnilega að hugsa út fyrir boxið og skoða umhverfi sitt enda mikið af fallegum utanvegaleiðum á höfuðborgarsvæðinu eða í næsta nágrenni.

Einnig buðum við nýliða sérstaklega velkomna með opnum æfingum og mörg ný andlit hafa bæst í hópinn sem er gleðilegt en við bendum einnig á að við tökum alltaf vel á móti þeim sem langar að prufa að koma á æfingu.



Ný treyja Víkings slær í gegn

Í sumar spila meistaraflokkar Víkings í nýrri og glæsilegri keppnistreyju frá Macron. Treyjan hefur vakið mikla athygli og hafa ófáir stuðningsmenn keypt sér treyjuna og mæta stoltir í henni á leiki Víkings í sumar. Í vor var keppnistreyjan kynnt fyrir stuðningsmönnum með glæsilegri myndaseríu þar sem fyrirsætur voru Júlíus Magnússon, Logi Tómasson, Tara Jónsdóttir og Unnbjörg Ómarsdóttir leikmenn meistaraflokks karla og kvenna. Listrænn stjórnandi verkefnisins var Bergur Guðnason og umsjón með verkefninu hafði Halldór Smári Sigurðsson. Hægt er að kaupa treyjuna í verslun Macron í Skútuvogi 11 og eru allir Víkingar hvattir til að kaupa treyjuna og mæta í henni á heimaleiki okkar í sumar.





Uppbygging handboltans heldur áfram

Eftir erfitt tap í fyrsta leik gegn Kríunni þá voru Víkingar ákveðnir að koma dýrvitlausir til leiks í annan leik liðanna en því miður þá varð það ekki raunin sóknarlega.

Þó svo að vörn og markvarsla hafi verið flott í byrjun þá var sóknarleikur beggja liða mjög lélegur fyrstu mínúturnar en fyrsta markið kom ekki fyrr en eftir 8 mín þegar Hjalti kom boltanum loks í markið. Staðan í hálfleik var 7-6 fyrir Kríuna, já við erum að tala um hálfleiksstöðu. Sverrir var frábær í markinu með 8 varða eða 53% markvörslu en kolleggi hans í Kríumarkinu var með eins frammistöðu enda voru strákarnir að skjóta mjög illa á hann.

Leikmenn tóku aðeins við sér í seinni hálfleik



Jón Gunnlaugur Viggósson, þjálfari Víkings, var nálægt því að koma liðinu í Olís deildina.

í sóknarleiknum en því miður voru okkar strákar ekki nógu beittir og Kríumenn gengu á lagið og náðu góðri forystu 16-10. Þegar um 10 mín voru eftir. Leiknum var samt í reynd lokið á þessum tímamarki því það var ekkert í kortunum sóknarlega hjá Víking á þessum tímamarki. Þrátt fyrir hetjulega baráttu Sverris í markinu en hann var bestur Víkinga í leiknum. Á endanum silgdu Kríu-menn inn öruggum þriggja marka sigri 20-17 og Olísdeildar sætið þeirra á næstu leiktíð.

Það vantaði mikið upp á hjá okkur strákum í kvöld og flestir langt frá sínu besta nema Sverrir sem er búinn að vera okkar besti maður í vetur en hann varði um 20 skot í leiknum en því miður dugði það ekki til. Arnar Steinn var með góða innkomu í seinni hálfleik og að sjálfsögðu stóð Hjalti fyrirliði vel eins og vanalega og reyndi eins og hann gat að rífa sitt lið í gang.

Auðvitað er þetta ekki sú niðurstaða sem við Víkingar vorum að vonast eftir á þessari skrítnu Covid leiktíð en það er samt hægt að taka margt jákvætt úr henni en okkur var spáð 7. sæti í byrjun móts en enduðum í öðru sæti með tvö tölur og vorum í reynd þremur sekúndum frá Olís-deildar sæti þegar við töpuðum á súran hátt gegn HK á loka sekúndunum. Nú er ekkert annað að gera en að byggja á þessum vetri en við eigum haug af ungum leikmönnum sem mun vonandi fá sinn tíma í Grill 66 deildinni á næstu leiktíð svo við getum getum byggt upp lið sem er tilbúið fyrir efstu deild á næstu árum. Það er mikilvægt að horfa til framtíðar og byggja upp góðan grunn að liði á næstu árum þar sem menn eru tilbúnir að fórnar sér fyrir félagið.

Áfram Víkingur.

Krakkarnir fjölmenntu á Cheeriosmótið

Cheeriosmótið var haldið í byrjun maí í blíðskaparveðri í Víkinni. Á tveimur helgum tóku Víkingar á móti tæplega 2400 brosandir iðkendur í 6., 7. og 8. flokki karla og kvenna. Þrátt fyrir að bæði hafi þurft að fresta mótinu ásamt því að gera ýmsar breytingar á skipulagi vegna þeirra sóttvarnaráðstafana sem þá voru í gildi var mótið það stærsta til þessa. Margir keppendur voru að stíga sín fyrstu skef í keppni og því mikilvægt að öll upplifun sé eins og best verður á kosið. Foreldrar sýndu þessum óvenjulegu aðstæðum skilning en mótið var að þessu sinni foreldralaust. Til þess að svona mót geti orðið að veruleika þurfa margar hendur að vinna saman, dómara komu úr röðum meistaraflokks kfk og kvk, iðkenda í 3. og 4. flokki, forráðamanna yngri iðkenda auk þess sem „gamlir“ Víkingar létu sitt ekki eftir liggja og mættu á staðinn. Manna þurfti mörg önnur störf og verður á engan hallað þótt hér séu nefnd sérstaklega þau Kjartan Hjaltested og Lisbet Borg sem ásamt starfsfólki Víkings lögðu meira á sig en flestir í þágu barnanna okkar. Nathan & Olsen studdu við bakið á Víkingsbörnum eins og áður með veglegum mótsgjöfum sem féllu vel í kramið hjá iðkendum. Að lokum vill barna- og unglingaráð koma á framfæri þakklæti til nágretta fyrir þolinmæði þeirra og skilning en svona mót er stór þáttur í fjáröflun deildarinnar.





Raj sigraði á Reykjavíkurmestaramóttinu

Reykjavíkurmestaramótið í tennis var haldið í maí. Fyrst var leikið í einstaklingsflokkum dagana 10.-16 maí og í liðakeppni 24.-30 maí.

Það voru þau Raj K. Bonifacius úr Víkingi og Eygló Dís Ármannsdóttir úr Fjölni sem sigruðu í einliðaleik karla og kvenna á móttinu.

Fjöldi Víkinga tók þátt á Reykjavíkurmóttinu og stóðu sig allir með þryði. Til verðlauna á móttinu unnu eftirfarandi Víkingar.

Meistaraflokk karlar einliða -

Raj K. Bonifacius 1.sæti

Ömer Daglar Tanrikulu, 2.sæti

Aleksandar Stojanovic, 4.sæti

Meistaraflokk karla tvíliða-
Raj og Ömer Daglar, 1.sæti

30 ára kvenna einliðaleik
Rut Steinsen, 1.sæti

Lilja Björk Einarisdóttir, 2.sæti

Kristín Inga Hannesdóttir, 3.sæti

Inga Lind Karlsdóttir, 4.sæti

30 ára karlar einliða-
Ömer Daglar Tanrikulu, 2.sæti

Nerijus Stancikas, 4.sæti

30 ára kvenna tvíliðaleik
Lilja Björk og Inga Lind, 1.sæti

U16 stelpur tvíliðaleik
Garima Nitinkumar Kalugade / Emilía Eyva Thygesen, 2.sæti

U18 stelpur einliðaleik
Garima Nitinkumar Kalugade, 2.sæti



Raj(t.h.) Lék sigraði Ömer í úrslitum í einliðaleik, en saman sigruðu þeir í tvíliðaleik.

U16 stelpur einliðaleik
Garima Nitinkumar Kalugade, 2.sæti

Emilía Eyva Thygesen, 4.sæti

U14 stelpur einliðaleik
Garima Nitinkumar Kalugade, 1.sæti

Emilía Eyva Thygesen, 3.sæti

U10 börn einliðaleik
Leifur Hrafn Arnarsson, 2.sæti



Emilía Eyva (t.v.) og Garima Nitinkumar (t.h.), margfaldir Reykjavíkurmestatarar.

Nýjungar hjá BUR - aukaæfingin og boltaskólinn

Aukaæfingin

Aron Baldvin (þjálfari 4. & 2.fl kk), Árni Fannar (þjálfari 4.fl kk) ásamt leikmönnum mfl kk og kvk verða með námskeið í sumar fyrir 12- 15 ára leikmenn. Markmiðið er að gefa leikmönnum tækifæri á að kynnast því að æfa eins og alvöru atvinnumenn/konur.

Dagskráin er:

10-11:15 Fótboltaæfing

11:30 - 12:00 Leikmenn fá mat í Víkinni

12:15-13:00 Foga (Fótbolta yoga)

Leikmenn æfa síðan á hefðbundnum æfingum með sínum flokkum sem alla jafnan hefjast seinni part dags. Til að álag á leikmenn sé ekki of mikið þá er aukaæfingin þrisvar í viku (mán, mið og fös).

Getuskipt er í hópa og mikill metnaður er lagður í uppbyggingu æfingana

Það er nánast skylda að skrá sig í þetta.

Boltaskólinn

Boðið er upp á boltanámskeið fyrir krakka fædda 2017 og 2018 í sumar, æft er á miðvikudögum kl. 17:00 á æfingagrasinu í Víkinni sex skipti á miðvikudögum í. Fyrsta æfingin verður miðvikudaginn 9.júní.

Þjálfari á námskeiðinu er hinn geðugi Marteinn Briem, Marteinn spilaði á sínum tíma 49 leiki á Íslandsmóti í efstu og næstefstudeild ásamt bikarkeppnum fyrir Víking og skoraði hann 12 mörk í þeim leikjum.

Okkar yngsta og besta fólk verður ekki svikið af að taka sín fyrstu skref í Víkinni undir handleiðslu Marteins.

Skráning á námskeiðið fer fram í gegnum Sportabler.



VILTU ÆFA AUKALEGA OG BÆTA ÞIG SEM EINSTAKLINGUR?

AUKAÆFINGIN

AUKAÆFINGIN ER ÞRIGGJA VIKNA NÁMSKEIÐ FYRIR STELPUR OG STRÁKA Á ALDRINUM 12 – 15 ÁRA

FREKARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNINGU MÁ NÁLGAST HÉR



BOLTASKÓLI

NÁMSKEIÐ FYRIR KRAKKA FÆDD 2017 OG 2018

Skráning fer fram í gegnum Sportabler

Agnes þrefaldur Íslandsmeistari unglunga



Agnes stóð sig frábærlega á mótinu.

Íslandsmót unglunga í borðtennis fór fram helgina 8.-9. maí í TBR húsinu. Mótinu hafði verið frestað fyrr í vetur vegna covid og það féll niður árið 2020 af sömu ástæðum.

Víkingum vegnaði vel á mótinu og tryggðu þeir sér fjóra Íslandsmeistaratitla. Óhætt er að segja að Agnes Brynjarsdóttir hafi verið sigurvegari mótsins en hún varð þrefaldur

Íslandsmeistari, sigraði í einliða-, tvenndar- og tvíliðaleik. Í tvíliðaleik spiluðu þær saman Agnes Brynjarsdóttir og Lóa Florionsdóttir Zink í flokki 16-18 ára en í tvenndarleik spiluðu Agnes og Jón Finnbogason saman í flokki 14-15 ára. Þá varð Jón einnig Íslandsmeistari í tvíliðaleik sveina 14-15 ára þar sem hann spilaði með Pétri Wilhelm Norðfjörð.

Mótið var fjölmennt og komu leikmenn frá tíu borðtennisfélögum víðs vegar af á landinu. Alls unnu Víkingar til ný verðlauna á mótinu og þar af voru fjórir Íslandsmeistaratitlar eins og fyrr segir.

Víkingur bikarmeistari

Bikarkeppnin í borðtennis var haldin í Hafnarfirði 22. maí. Keppt var í liðakeppni þar sem hvert lið var samsett af einni konu og tveimur körlum. Fjögur lið voru skráð til leiks, tvö lið frá KR, eitt frá BH og eitt frá Víkingi.

Í liði Víkings voru Nevena Tasic, Ársæll Aðalsteinsson og Magnús Jóhann Hjartarson.

Í undanúrslitum léku KR B gegn BH (4-3) og hinn undanúrslitaleikurinn var á milli KR A og Víkings (4-2).

Úrslitin voru því á milli KR B og Víkings. Víkingur sigraði leikinn með yfirburðum 4-1 og er því bikarmeistari árið 2021.



Lið Víkings(f.v.) Ársæll, Nevenu Tasic og Magnús.

Nikolaj með nýjan samning

Knattspyrnudeild Víkings endursamdi nýlega við danska framherjann Nikolaj Hansen til næstu þriggja ára.

Niko, eins og hann er kallaður, kom til Víkings frá Val árið 2017 og hefur síðan þá verið mikilvægur hlekkur í liði Víkings. Hann á að baki 94 leiki og 28 mörk á Íslandi. Niko var lykilmáður þegar Víkingar urðu bikarmeistarar og skoraði í öllum umferðum keppinnar ef frá er talinn úrslitaleikurinn.

Hann hefur væntingar til framtíðarinnar og trúir því að á þeim þremur árum sem samningurinn nær til muni góðir hlutir gerast í Fossvoginum.

Niko hefur skorað fimm mörk í fyrstu sjö leikjum Pepsi Max deildarinnar og hefur þannig átt stóran þátt í mjög ásættanlegri byrjun Víkinga í sumar.



Nikolaj Hansen hefur leikið frábærlega í sumar og skorað fimm mörk í sjö leikjum.

Myndataka: Hafliði Breiðfjörð - Fótbolti.net

TENNIS

Fjölmennt grunnskólamót Reykjavíkur

Grunnskólamót Reykjavíkur í tennis var haldið á tennisvöllum Víkings 15.-23. maí. Grunnskólamótið er árlegt mót sem haldið er fyrir krakka í 3.-10. bekk og sér tennisdeild Víkings um skipulag mótsins. Er skipt eftir kyni og árgangi og spilað í einliða- og í tvíliðaleik, bæði í “Mini tennis” stærð af velli og í fullri vallar stærð.



Krakkarnir fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna og sigurvegararnir í hverjum flokki fengu tennisspaða og bolta. Til viðbótar var var happadrætti fyrir þátttakendur sem mættu á lokahófið og fengu þau tækifæri til að spila með stærsta tennisspaða landsins.

Sigurvegar á grunnskólamóti Reykjavíkur 2021 eru:

- 3.bekk - Fossvogsskóli
- 4.bekk - Fossvogsskóli
- 5.bekk - Melaskóli
- 6.bekk - Melaskóli
- 7.bekk - Hlíðaskóli
- 8.bekk - Ekki keppt
- 9.-10.bekk - Hlíðaskóli

HJÓLREIÐAÐEILD

Sumarstarf hjólreiðadeildar Víkings hófst af fullum krafti núna í apríl. Hjólreiðamenn og konur í mikilli eftirvæntingu, hleyptu fákum sínum af öllum tegundum út á götur Höfuðborgarsvæðisins, á stíga Heiðmerkur og víðar sem hjólastíga er að finna.

Í byrjun maí var svo haldin vinavika þar sem félegar buðu vinum og kunningjum að mæta á æfingar og voru fjölmargir sem þáðu boðið og einhverjir sem ílengdust og urðu fullgildir félagar. Hópurinn hittist formlega 3 - 4 sinnum í viku og skal það ítrekað að breidd hópsins er mikil en samt sem áður fá allir félagar æfingar við sitt hæfi - í hópnum núna eru 106 hjólreiðamenn.



Keppnistímabilið í hjólreiðum hófst eins og



venjulega á Reykjanesmóttinu í byrjun maí og þar voru fjölmargir Víkingar sem tóku þátt og einhverjir sem náldu sér í verðlaunasæti. Svo má nefna tímatöku- og Criterium móttin, sem hafa verið nokkur en þau eru harðar og snarpar viðureignir á styttri vegalengdum og/eða á afmörkuðum svæðum og þar létu Víkingar sig ekki vanta heldur. Þann 22. maí höfðu Víkingar og UMFG svo veg og vanda af Suðurstrandarmóttinu, sem er hluti af bikarmótaröð HRÍ. Mótið gekk glimrandi vel í alla staði í ágætis veðri. Þar mættu rúmlega 120 keppendur í öllum flokkum. Þess má geta að 12 Víkingar tóku þátt í móttinu og 4 þeirra náðu verðlaunasæti, fjöldi Víkinga stóð einnig vaktina í tengslum við undirbúning og framkvæmd mótsins og fá þeir sérstakar þakkir fyrir vasklega framgöngu.

Víkingar tóku einnig þátt í XCO móti í fjallahjólreiðum og Mývatnshringnum fyrir norðan.

Nú hjólum við áfram inn í sumarið og njótum hjólreiðanna.



Útlit fyrir spennandi sumar í Lengjudeildinni

Úrslit fyrstu leikja í lengjudeild kvenna hafa ekki verið alveg eftir bókinni og afdráttarlaus spá fyrirliða og forráðamanna liðanna um efstu og neðstu sæti í deildinni ekki gengið alveg eftir. Línur eru þó aðeins farnar að skýrast og Víkingar geta vel við unað, en ljóst að öll liðin geti unnið alla.

Víkingar hófu leik á móti fyrrum samherjum úr HK. Covid gerði það reyndar að verkum að umgjörð þessa fyrsta leiks liðanna á Íslandsmóti var lágstemmdari en efni stóðu til. Þó alvaran tæki við strax og flautað hafði verið til leiks þá fór vel á með leikmönnum fyrir leik, líkt og sjá mátti þegar liðin stilltu sér upp fyrir sameiginlega myndatöku.

Leikurinn var rétt farin af stað þegar Víkingar komust yfir, en HK jafnaði skömmu síðar. Liðin skiptust svo á um að sækja út hálfleikinn án þess að bæta við mörkum. Í byrjun þess seinni komust Víkingar aftur yfir en HK jafnaði jafn harðan. Víkinga náðu enn forystu stuttu síðar, en HK jafnaði þá í næstu sókn og þar við sat. 3-3 jafntefli í sögulegum leik, þar

sem Kristín Erna Sigurlásdóttir skoraði öll mörk Víkinga.

Næsti leikur var á móti sterku liði Aftureldingar. Það var ljóst frá byrjun að Afturelding var komin til sækja öll stigin í þessum leik. Þær brenndu reyndar af víti snemma leiks, en mark um miðjan fyrri hálfleikinn og annað á fyrstu mínútu þess seinni þurfti til að vekja Víkinga. Víkingar minnkuðu muninn fljótlega eftir annað mark Aftureldingar og gerðu sig hvað eftir annað líklegar til að jafna, eða allt fram á síðustu mínútu leiksins, þegar Afturelding refsaði með góðri skyndisókn og gerið út um hann. Kristín Erna bætti þarna við sínu fjórða marki í deildinni.

Víkingar áttu ágætan leik á móti sterku lið FH í bikarnum, en máttu sætta sig við tap eftir að FH skoraði á lokamínútu leiksins. FH-ingar höfðu reyndar rangt við í skiptingu undir lokin, þegar þeir reyndu að verja sinn hlut, en kæra Víkingar var ekki tekin til greina af dómstóli KSÍ og því fór sem fór. Víkingar úr



Glaðbeittir Víkingar eftir góðan 2-1 sigur á Augnabliki á Kópavogsvelli.



Nadía Atladóttir hefur átt fína leiki í upphafi móts, hér geysist hér upp völlinn á móti Aftureldingu.

leik, en FH tryggði sig síðar inn í áttaliða úrslit með sigri á úrvalsdeildarfélagi KA/Þórs.

Haukum hafði nú, líkt og í fyrra verið spáð velgengni í deildinni og þær byrjuð hana á sterkum sigri á móti nágrönnunum í FH. Það voru því flestir á því að þær mundu hafa sigur á móti Víkingum á Ásvöllum. Það má til sanns vegar færa að fyrst mark leiksins hafi verið aðeins gegn gangi leiksins, en Haukar höfðu þó ekki verið að skapa sér nein alvöru færi fram að því. Seinna mark Víkings sló þær hins vegar alveg út af laginu og slökkti allar þeirra vonir. Þriðji sigurinn á þeim í röð staðreynd. Líkt og áður átti Kristín Erna þátt í báðum mörkun, skoraði annað og átti stoðsendingu í hinu.

Það var ekki alveg veðrið til að leika knattspyrnu þegar Gróttu mætti í heimsókn í næsta leik. Nokkrum leikjum hafði verið frestað þennan dag karlaflokki, en ákveðið var að stelpurnar skildu spila! Það var aðdáunarvert hversu mikið bæði lið lögðu sig



Linzi Taylor hefur komið sterk inn í lið og bindur vörminna vel saman, en hún nýtur sín einnig vel í því að bera boltann upp völlinn.

fram og þó rokið og rigningin væru í stóru hlutverki þá létu liðin það ekki á sig fá og bæði lið sóttu til að vinna. Jafntefli þar sem mörkin voru skorud undan vindi sitt í hvorum hálfleiknum voru því líklega sanngjörn úrslit. Það þarf eiginlega ekki að taka það fram, en að sjálfsögðu skoraði Kristín Erna mark Víkinga.

Síðasti leikur fyrir landsleikjahlé var svo á Kópavogsvelli gegn Augnablik. Augnablik hefur á að skipa yngsta lið deildarinnar, mörgum efnilegum og sprækum leikmönnum. Þær höfðu komið verulega á óvart og unnið KR í fyrstu umferðinni og því ljóst að Víkingar höfðu ekki efni að vanmeta þær. Augnablik spilaði oft á tíðum vel úti á velli, en Víkingar vörðust vel og sóttu af miklum



Kristín Erna Sigurlásdóttir hefur verið mikill happfengur fyrir Víkinga. Hún hefur skorðað í öllu leikjum liðsins á Íslandsmóttinu, samtals átta mörk í fimm leikjum og ein stoðsending að auki.

þunga og reynslu þegar þær létu til skara skriða. Kristín Erna var líkt og áður mögnuð inni í teig og skoraði tvö í upphafi og enda fyrri hálfleiks, en Augnablik hafði jafnaði um hann miðjan. Liðin skiptust svo á að sækja í þeim seinni, en mörkin urðu ekki fleiri og Víkingar lönduðu því öðrum sigri sínum í sumar.

Víkingar eru með átta stig eftir fimm leiki í fjórða sæti deildarinnar. Vel ásættanleg staða, en eins og sjá má í töflunni hér að neðan er stutt á milli liða, en eins og úrslitin hafa verið þá virðast öll lið geta unnið alla og útlit fyrir spennandi sumar.

Eins og fram kemur hér að ofan var það Víkingum mikill happfengur að hafa fengið

Kristínu Ernu til liðsins, en það er einnig mikill styrkur að hafa fengið Linzi Taylor til liðsins, rétt fyrir lokun félagaskiptagluggans.

Það er líka ljóst að leggja þarf vel inn á stigareikninginn í byrjun sumars því Ameríkufararnir fara flestar út fyrir lok júlí og þar á meðal báðir markmennirnir sem staðið hafa á milli stanganna í byrjun móts.

Við viljum hvetja alla sanna Víkinga til mæta

á heimavöll hamingjunnar og sýna stelpunum stuðning í verki. Næstu heimaleikir er 15. júní gegn KR og þar á eftir 2. júlí gegn FH. Góð úrslit í þeim leikjum opna deildina upp á gátt fyrir okkur.

Áfram Víkingur.

Staðan í Lengjudeild kvenna:

Sæti.	Lið	L	U	J	T	Mörk	Stig
1	Afturelding	5	4	1	0	17 - 7	13
2	KR	5	4	0	1	16 - 6	12
3	FH	5	3	0	2	11 - 6	9
4	Víkingur	5	2	2	1	9 - 8	8
5	Gróttta	5	2	1	2	8 - 9	7
6	ÍA	5	2	0	3	5 - 10	6
7	Augnablik	5	1	1	3	6 - 10	4
8	Haukar	5	1	1	3	4 - 8	4
9	HK	5	1	1	3	7 - 14	4
10	Grindavík	5	0	3	2	7 - 12	3



Fyrrum samherjar, lið Víkings og HK áttust við í fyrsta leik á Íslandsmóttinu. Af virðingu við 19 ára farsælt samstarf stilltu liðin sér upp í sameiginlega myndatöku fyrir leik. Sanngjarnt 3-3 jafntefli var niðurstaðan og gott start fyrir bæði lið.



Grant Thornton

Skattur • Ráðgjöf • Endurskoðun

NORTIA
LUXURY APARTMENTS

PREMIS

macron

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
Höldur

Europcar

KATRIN®

**Voltaren
Forte**



 **ÍAV**

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIDLUN

 **floti**



VÍKINGUR
FRÉTTABRÉF



3. tölublað, 9. árgangur,
júní 2021

Útgefandi: Knattspyrnufélagið Víkingur
Ritsjóri og uppsetning: Auðólfur Þorsteinsson
Meðritstjórn: Björn Einarsson og Nanna Guðmundsdóttir
Ábyrgðarmaður: Björn Einarsson

Ísbúð
VESTURBÆJAR

Coca-Cola



PHANTOM BLACK. MATT. **NEW.**



Kílóvött	Brennarar
23,8	3+2

ROGUE

SE425. Glæsilegt gasgrill frá Napoleon með þremur aðalbrennurum og infrarauðum hliðar og bakbrennurum. Grillgrindurnar eru úr ryðfríu stáli og þarfnast lítills viðhalds. Grillið er matt svart alveg frá lokinu niður að hjólunum. Grillið er með Sizzle Zone™ hliðarbrennara sem getur náð allt að 980°C hita og býður upp á mikla möguleika.

506600075

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Verslaðu á netinu byko.is

